

BORGARRÁÐ 27. júní 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um trúnaðarmerkt skjöl stafræns ráðs - MSS24060123

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum ástæður aukinna trúnaðarmerkinga ýmissa gagna þ.m.t. fylgigagna með málum sem tekin eru fyrir hjá stafrænu ráði. Nú ber á því að meirihluti gagna sem tengjast málefnum þjónustu og nýsköpunarsviðs eru oft merkt sem trúnaðargögn.

Greinargerð:

Fulltrúi Flokks fólksins gerir sér alveg grein fyrir því að í einstaka tilfellum má til sanns vegar færa trúnaðarmerkingar - sér í lagi þegar um er að ræða málefni sem varða ákveðin innkaupamál eða öryggi. Minnir fulltrúi Flokks fólksins á að í svona ríku mæli hefur þessu ekki verið almennt háttað áður. Eins og flestir vita hefur Flokkur fólksins lengi gagnrýnt þann mikla fjáraustur sem veitt hefur verið í þjónustu og nýsköpunarsvið undanfarin ár - án þess að sést hafi verið fyrir endann á stærri verkefnum sviðsins. Gögn sem tengjast þessum málum eru nú sem dæmi öll trúnaðarmerkt. Hvað skyldi það nú merkja?